

Félagsmálaráðherra, góðir félagar

Ég vil byrja á að bjóða ykkur velkomin til þessa þriðja ársfundar Alþýðusambands Íslands. Það verður ekki annað sagt, en að þessi breyting – að hverfa frá þinghaldi á fjögurra ára fresti yfir í ársfundarformið hafi tekist vel hvað varðar framkvæmd.

Skipulag ársfundar – hlýtur eðli máls samkvæmt – að vera með öðrum hætti en þings. Þó svo einhverjir kunni að sakna þinganna – og ég geri það sjálfur að vissu leyti – þá hefur okkur tekist vel að fylgja þessari formbreytingu eftir og aðlaga stjórn og viðfangsefni þessu breytta formi. Þetta er þriðji ársfundurinn og ef hann gengur jafn vel og sá síðasti, þá erum við á réttri leið.

Ársfundarformið gerir það að verkum að við einbeitum okkur að færri málum en við gerðum á þingunum á sínum tíma.

Þessu fylgir líka meiri samfella að því leyti að við getum rætt sama málefni á tveimur fundum í röð ef okkur býður svo við að horfa, sett mál á dagskrá á þeim fyrri – látið það þroskast í nefndastarfi á milli funda og tekið stöðuna ári síðar. Þetta höfum við gert og það hefur gefist vel.

Það er engin tilviljun að yfirskrift fundarins er Atvinna fyrir alla og undirtitillinn er Góð störf – traust réttindi. Reynsla okkar af samskiptunum við aðalverktakann við Kárahnjúka færir okkur heim sanninn um mikilvægi þess að standa vaktina og tryggja réttindi og aðbúnað. Það gerir það enginn annar fyrir okkur.

Fyrir þessum ársfundi liggur – auk hefðbundinna viðfangsefna sem fylgja ársfundi – að ræða ítarlega um tvö mikilvæg viðfangsefni, sem bæði standa okkur nærri. Þau gera það reyndar alltaf – en jafnvel í enn ríkari mæli núna en að öðru jöfnu.

Þá er ég að tala um efnahags- og kjaramálin annars vegar og um atvinnu- og byggðamál hins vegar. Kjarasamningar hjá flestu okkar fólki renna út nú um eða upp úr áramótum. Mest af vinnunni fer auðvitað fram á vettvangi félaga og landsambanda, en það er sitthvað sem eðlilegt er að við ræðum hér á sameiginlegum vettvangi.

Atvinnu- og byggðamálin eru jafnframt til umræðu sem annað meginviðfangsefni fundarins. Undanfarna mánuði höfum við hafið umræðu um þessi mál og höldum henni áfram hér.

Auðvitað verður fleira til umfjöllunar. Ég á til dæmis von á því að fjárlagafrumvarpið, sem nýlega var lagt fram, komi hér til efnislegrar umræðu í tengslum við kjaramálin. Í því eru ýmsir hlutir sem við gerum alvarlegar athugasemdir við en ég ætla ekki að fjalla um hér.

Ég get þó ekki látið hjá líða – þar sem félagsmálaráðherra er hér með okkur - að minnast á þau áform að skerða atvinnuleysisbæturnar eins og kynnt hefur verið. Að mínu viti er það með hreinum ólíkindum að menn skuli láta sér detta þetta í hug.

Hér er ríkisstjórnin einnig að velta kostnaði yfir á sveitarfélögin, því það segir sig sjálft að þetta þýðir aukin útgjöld hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna. Ég nefni þetta einungis til að menn átti sig á því hvað þetta þýðir fyrir þann sem missir vinnuna.

Þetta þýðir einfaldlega, að til viðbótar við þau þungu skref sem hann þarf að stíga til að sækja um atvinnuleysisbætur, þarf hann að sækja um fjárhagsaðstoð hjá viðkomandi sveitarfélagi. Mér finnst ekki á bætandi.

Það er fagnaðarefni að menn vilji setjast yfir fyrirkomulag atvinnuleysisbótakerfisins og þá með það að markmiði ð bæt hag hins atvinnulausa. Við viljum gjarnan taka þátt í því. Við erum aftur á móti ekki til viðtals ef menn byrja á svona aðgerðum áður en endurskoðunin hefst. Við gerum því þá kröfu að horfið verði frá þessum áformum.

Góðir félagar.

Mér liggur margt á hjarta, en ætla ekki að hafa þessi orð fleiri hér í upphafi fundarins. Ég býð ykkur enn og aftur velkomin til þessa fundar og bið varaforseta Alþýðusambandsins, Halldór Björnsson, að taka við stjórn fundarins.

Þriðji ársfundur Alþýðusambands Íslands er settur.